

Nd.

182. Nefndarálit

[49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klotnað um afstöðuna til þessa máls. Ég var einn fylgjandi því að samþykkja frv. og fella þar með úr gildi það ákvæði dýrtíðarlaganna, sem bindur vísitöluna við 300. Hinir fjórir nefndarmennirnir (ÁÁ, SkG, JóhH, HB) voru andvígir frumvarpinu og vildu fella það.

Þegar dýrtíðarlögin voru sett fyrir tæpu ári, var því lýst yfir af forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að þessi binding væri aðeins til nokkurra mánaða, því að sakir dýrtíðarráðstafana stjórnarinnar mundi raunveruleg vísitala strax lækka niður í 315 og síðan halda áfram að lækka. Það væru því aðeins smáfórnir í nokkra mánuði, sem launþegar yrðu að leggja á sig, til þess að tryggja þar með betri kjör og fulla atvinnu handa öllum.

Nú hefur það sýnt sig, að ekkert af þessum loforðum ríkisstjórnarinnar hefur verið haldið. Dýrtíðin hefur farið vaxandi. Raunveruleg vísitala er nú að álitum þeirra sérfræðinga, sem ríkisstjórn og fjárhagsráð hvað eftir annað leita til, 405 stig. Þær forsendur, sem ríkisstjórnin fékk vísitölubindinguna samþykka á, eru ekki til: nokkurra mánaða fórnir meðan raunveruleg vísitala færi niður í 300. Hafi ríkisstjórnin sjálf trúað því, sem hún sagði þjóðinni í fyrra, er hún fékk Alþingi til þess að samþykkja vísitölubindinguna, þá ber henni því nú að fella bindinguna úr gildi. Annað væri óheiðarlegt og mundi sanna, að takmark ríkisstjórnarinnar með vísitölubindingunni hefði ekki verið það að lækka dýrtíðina, heldur hitt, að rýra lífskjör almennings.

Rannsóknir þær, sem gerðar hafa verið á kaupmætti launanna, sýna, að lífskjör almennings hafa stórum rýrnað síðan núverandi ríkisstjórn gerði dýrtíðarráðstafanir sínar, og að kaupmáttur launanna hefur minnkað mikið, en alls ekki vaxið, eins og lofað var. Nefnd, skipuð af Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, hefur komið að þeirri niðurstöðu um rýrnandi kaupmátt tímakaups verkamanna og mánaðarlauna kennara, er greina skal hér á eftir. Miðar nefndin útreikning sinn við raunverulegan kaupmátt launanna og leiðréttá vísitölu, þannig að reiknað er með því, að núverandi vísitala leiðrétt sé 405 stig. Gefur útreikningur nefndarinnar þá hugmynd um raunverulegan kaupmátt launanna miðað við hvað kaupmáttur þeirra var fyrir stríð. — Í nefnd þessari voru af hálfu Alþýðusambands Íslands Jónas Haralz hagfræðingur og Ingólfur Gunnlaugsson verkam., og af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja Ólafur Björnsson próf., forseti B. S. R. B., og Guðjón Baldvinsson, ritari B. S. R. B. Fylgir nefndarálit þetta með þessu nál. sem fylgiskjal I.

Vísitala um kaupmátt tímakaups Dagsbrúnarverkamanns sýnir samkv. þessari rannsókn, að ef kaupmátturinn í október 1938 var settur 100, var hann orðinn 155 í des. 1944 og 156 í des. 1947, áður en dýrtíðarlögin voru sett. En í okt. 1948 er vísitala kaupmáttarins komin niður í 143. Hefur kaupmáttur tímakaupsins þannig lækkað um 8%. Þar við bætist svo kjararárnun vegna minnkandi eftirvinnu, aukins atvinnuleysis, vöruskorts og skömmtnar.

Vísitala um kaupmátt mánaðarkaups barnakennara í Reykjavík sýnir svo, hvornig kaupmætti starfsmanna hins opinbera hefur hrakað sökum þessara ráðstafana. Ef kaupmáttur mánaðarkaups reykviskra barnakennara var settur 100 í okt. 1938, þá komst hann í desember 1945, eftir að nýsköpunarstjórnin endurbætti launalögin, upp í 154. En nú, í okt. 1948, er vísitala kaupmáttar þessara mánaðarlauna komin niður í 136. Hefur þá raunverulegt mánaðarkaup starfsmanna lækkað um 12% frá því í desember 1945, auk þeirra áhrifa, sem skömmtnunin, vöruskorturinn o. s. frv. hefur til kjararárnunar.

Það sýnir sig því, að kjör launþega, verkamanna og starfsmanna, hafa farið stórkostlega versnandi á þessu ári og fyrst og fremst vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er vitanlegt, að auður hefur í einstakra manna höndum aldrei verið meiri en nú, og misskipting auðs og tekna er meiri í tíð þessarar ríkisstjórnar en verið hefur nokkru sinni fyrr í sögu Íslands. Sem dæmi þess má nefna, að samkvæmt skýrslu Skattstofunnar þá eru árið 1947 nettótekjur allra tekjuskattsgreiðenda í Reykjavík samtals tæpar 592 milljónir króna. Séu tekjur þeirra, sem ekki greiða tekjuskatt, áætlaðar a. m. k. 10 milljónir, þá eru samanlagðar tekjur Reykjavíkinga yfir 600 milljónir króna. Ef reiknað er með greiðslu um 100 milljóna króna í skatta og útsvör, þá eru hreinar tekjur um 500 milljónir króna eða meðaltekjur um 10 þúsund krónur á hvert mannsbarn. Það gæfi hverri 5 manna fjölskyldu meðaltekjur, er næmi allt að 50000 krónum. En hundrað tekjuhæstu einstaklingar og félög hafa þetta sama ár tekjur samanlagt, er nema rúmum 26 milljónum króna, eða 250 þúsund krónur á hvern þeirra að meðaltali.

Ög hundrað eignahæstu einstaklingarnir og félögin eiga á sama tíma í skuldlausum eignum 87 milljónir króna, ef reiknað er með fasteignamatverði fasteigna

og nafnverði hlutabréfa, — eða yfir 400 milljónur króna í skuldlausum eignum, ef reiknað er með söluverði slíkra eigna nú.

Dýrtiðarráðstafanir ríkisstjórnarinnar — og þá fyrst og fremst vísitölubindingin — hafa aukið á misréttið í þjóðfélaginu. Lífskjör alþýðu manna hafa rýrnað, svo sem nú er sýnt og sannað. Og það er ekki nóg með, að afkoma launþega sé orðin svo miklu verri en áður. Fjöldi launþega er líka í þeirri hættu að missa þær litlu eignir, sem þeir hafa með miklum erfiðismunum verið að reyna að eignast, svo sem hús sín eða einstakar íbúðir, o. s. frv.

Hins vegar hafa engar ráðstafanir verið gerðar til þess að draga úr auði þeim hinum mikla, sem safnast hefur á örfáar hendur. Þvert á móti hefur vald þess auðs vaxið, sökum þeirrar kreppu, sem dýrtiðarráðstafanirnar hafa skapað hjá almennu-
ingi. Launþegar munu nú þegar farnir að selja eigur sínar sakir þess, hve að þeim kreppir, en auðugir menn hafa nú meiri gróðamöguleika á svörtum markaði þeim, sem nú hefur myndast, en nokkru sinni fyrr.

Vísitölubindingin hefur því þjakað launþega, gert alþýðu dýrtiðina þungbærari, — en svo að segja engin áhrif haft í þá átt að lækka dýrtiðina. En þessi dýrtiðarráðstöfun ríkisstjórnarinnar hefur aukið misréttið og ójöfnuðinn í þjóðfélaginu og á því að hverfa.

Legg ég því til, að frumvarp þetta verði samþykkt og binding vísitölnnar við 300 þar með afnumin. Er það ósk hinna ýmsu launþegasamtaka þjóðarinnar, jafnt verkamanna, opinberra starfsmanna sem verzlunarmanna, að svo verði gert, og læt ég fylgja hér með sem fylgiskjöl samþykktir frá nokkrum af samtökum þessum um þetta mál.

Alþingi, 7. des. 1948.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Álit nefndar, skipaðrar af Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til þess að rannsaka áhrif dýrtiðarlaganna á afkomu launþega.

Áhrif dýrtiðarlaganna á afkomu launþega.

I. Kjaraskerðing vegna dýrtiðarlaganna.

Með dýrtiðarlögum þeim, er samþykkt voru á síðasta Alþingi, var m. a. ákveðið, að eigi skyldi greiða hærri vísitöluuppbót á laun en sem svaraði vísitölu 300, hvort sem vísitala framfærslukostnaðar væri hærri eða lægri. Í desember 1947 var vísitala framfærslukostnaðar 328 stig, en lækkaði um nýárið niður í 319 stig, og hefur síðan verið nálægt því, þó var hún í okt. s. l. 324 stig.

Sú skerðing raunverulegra kjara, sem af því leiðir, að vísitöluuppbótin miðast við 300 stig í stað 324, sem vera ætti, ef greidd væri full verðlagsuppbót, nemur þannig 7.4%. Ætti þetta nokkurn veginn að svara til þeirrar kjaraskerðingar, sem er þeim afleiðing dýrtiðarlaganna, þar eð gera má ráð fyrir því, að söluskattur sá, sem lagður var á samkvæmt lögum þessum, hafi nú að fullu komið fram í vísitölnni. Á móti þessari kjaraskerðingu kemur að vísu 10% lækkun húsaleigu, skv. heimild í 15. gr. nefndra laga, en sú lækkun kemur ekki fram í vísitölnni, þar sem hún nær aðeins til húsa byggðra eftir árslok 1941. Þar sem lækkun þessi því er engan veginn almenn, að því leyti sem hún yfirleitt hefur komið til framkvæmda, verður eigi gert ráð fyrir, að hún hafi fyrir heildina haft þau áhrif til lækkunar framfærslukostnaðar, sem neinu nemi. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir því, að vegna þess að landbúnaðarvörur og fleiri vörutegundir, sem mikla þýðingu hafa í vísitölnni, voru undanþegar söluskattinum, hafi þetta orðið til þess að auka nokkuð vísitöluskekkjuna, þannig að skerðing raunverulegra kjara sé nokkru meiri en fram kemur í vísitölnni, en ókleift er að meta slíkt tölulega.

Enn fremur má benda á það, að sú lækkun vísitölnunnar, sem hér er um að ræða, stafar að nokkru leyti af lækkun verzlunarálagningar og fyrirskipaðri verðlækkun innlendra iðnaðarvara. Eins og viðskiptaástandi er nú háttáð, þar sem í flestum greinum er ríkjandi mikil vöruekla, verður það að teljast vafasamt, hvort þessi fyrirskipaða lækkun álagningar kemur neytendum raunverulega til góða nema að takmörkuðu leyti. Í vísitölnunni er reiknað með hinni fyrirskipuðu álagningu, en talsverður hluti varanna er seldur með hærri álagningu, eða herra verð tekið með öðru móti, án þess að verðlagseftirlitið fái rönd við reist. Því meir sem hin lög-
mæta álagning er lækkuð og því meiri sem vörueklan er, því meiri brögð má búast við, að verði að þessu. Hvað snertir kaupfélögin sérstaklega má búast við, að hin fyrirskipaða álagningarlækkun leiði þar til minnkaðrar arðsúthlutunar og sjóð-
myndunar, og verði því félagsmönnum ekki að þeim notum, sem álagningarlækkunin út af fyrir sig gefur til kynna.

Það er vert að vekja á því sérstaka athygli, að sú lækkun vísitölnunnar um 9 stig, sem varð um áramótin 1947—1948, mun ekki nema að litlu leyti hafa átt rót sína að rekja til þeirrar lækkunar á kaupgjaldsvísitölnunni, sem þá var gerð. Um 3 stig af lækkun þeirri, sem varð um þessi áramót, munu stafa af auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði á kartöfluverði. Rúmlega 4 stig af lækkun vísitölnunnar áttu rót sína að rekja til lækkunar á kjötverði, en meginhluti þeirrar lækkunar mun hafa átt rót sína að rekja til annarra ráðstafana en lækkunar kaupgjaldsvísitölnunnar. Einnig má telja sennilegt, að sú álagningarlækkun, lækkun á flutningsgjöldum og á verði innlendra iðnaðarvara, sem fyrirskipuð var samkvæmt 15. gr. dýrtiðarlaganna, hafi verið meiri en sem svaraði til, að þeir kostnaðarliðir, sem stöfuðu af vinnulaunum, lækkuðu í hlutfalli við niðurfærslu kaupvísitölnunnar. Er því hér að einhverju leyti um lækkun að ræða, sem í sjálfu sér ekki kemur kauplækkuninni við og ekki er hægt að rekja til hennar. Það mun því óhætt að fullyrða, að lækkun sú á vísitölu framfærslukostnaðar, sem kom fram sem bein afleiðing af lækkun kaupgjaldsvísitölnunnar um 28 stig, hafi vart numið meira en 3 stigum. Að þessi lækkun varð svo lítil sem raun er á, stafar vitanlega að nokkru leyti af því, að verð á landbúnaðarvörum haustið 1947 var aðeins miðað við 306 vísitölustig, þannig að lækkun vísitölnunnar upp í 328 stig var ekki komin fram í verði landbúnaðarafurða. Einnig kemur hinn nýi söluskattur hér til greina. Engu að síður verður varla nóg samleg áherzla lögð á þá staðreynd, að hin sjálfkrafa lækkun verðlagsins til móts við lækkun kaupgjalds nemur aldrei nema litlum hluta kauplækkunarinnar, þannig að verðhjöðnun, framkvæmd á þann hátt að lækka kaupgjaldið, hlýtur að hafa í för með sér mjög verulega skerðingu raunverulegra kjara fyrir launþegastéttirnar.

Það mun samkvæmt áður sögðu láta nærri, að kjaraskerðing sú, sem telja má beina afleiðingu dýrtiðarlaganna, nema nú um 7% raunverulegra launa eins og þau voru áður en þessar ráðstafanir komu til sögunnar. Þessi samanburður á raunverulegum launum áður og eftir að lögin voru sett er þó ekki að öllu leyti réttmætur.

Um það verður varla deilt, að vegna þróunar verðlagsmálanna hér á landi undanfarin ár var fjárhagur smábátaútvegsins með þeim hætti á s. l. vetri, að útgerð báta á vetrarvertíð hefði sennilega stöðvazt með öllu, ef ekki hefði verið gripið til sérstakra aðgerða af hálfu ríkisvaldsins þessum atvinnuvegi til aðstoðar. Stöðvun útgerðarinnar hefði hins vegar ótvírætt haft í för með sér mjög tilfinnanlega skerðingu raunverulegra lífskjara fyrir almenning í landinu, bæði vegna atvinnumissis beint og óbeinnt, svo og vegna þess skorts á erlendum nauðsynjavörum, sem leitt hefði af hinum minnkuðu gjaldeyrstekjum. Vegna þess, hve gjaldeyrisaðstaða landsins hafði versnað frá því, sem verið hafði, hefði enn fremur orðið óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að takmarka innflutning neyzluvara með skömmtun eða á annan hátt, en slíkar ráðstafanir hefðu óhjákvæmilega haft í för með sér skerðingu raunverulegra kjara fyrir almenning. Það má því telja, að sá samanburður, er einna mesta raunhæfa þýðingu hefði, væri samanburður á raunveru-

legum launum eins og þau voru eftir setningu dýrtíðarlaganna og raunverulegum launum eins og þau hefðu getað orðið, ef aðrar ráðstafanir til aðstoðar útgerðinni og til að koma á jafnvægi í viðskiptum við útlönd hefðu verið gerðar.

Hér koma margvíslegar leiðir til greina, og lítur nefndin svo á, að sér hafi ekki verið ætlað það viðtæka verkefni, að rannsaka þær og skera úr öllum þeim óvissuatriðum, sem samanburði þessara ýmsu leiða mundu fylgja. Þó vill nefndin ekki láta hjá líða að benda á það, að sama árangri til handa útgerðinni og náð var með lækkun kaupgjaldsvisitólunnar hefði mátt ná þannig, að slíkt hefði haft í för með sér til muna minni kjaraskerðingu fyrir launþegana, ef farin hefði verið einhver önnur þeirra leiða, er mest hafa verið ræddar í þessu sambandi. Með þessu, eða verðhjöðunarleiðinni svonefndu, er reynt að leysa fjárhagsvandamál útgerðarinnar með lækkun framleiðslukostnaðar að óbreyttu afurðaverði. Þar sem allverulegur hluti framleiðslukostnaðar útgerðarinnar er erlendur, verður lækkunin að verða á innlendum kostnaðarliðum, og þá fyrst og fremst kaupgjaldi, sem er stærsti kostnaðarliðurinn. Þar sem framfærslukostnaður lækkar ekki nema að nokkrum hluta til móts við lækkun kaupgjaldsins, hlýtur þessi leið að leggja mjög þungar byrðar á launþegastéttirnar, og má í rauninni segja, að þessi leið þýði það, að byrðarnar séu raunverulega lagðar fyrst og fremst á launþegaséttirnar og bændur, að því leyti sem verð landbúnaðarafurða er lækkað. Það gefur nokkra hugmynd um, hve stórfellda verðhjöðnun þyrfti til þess að koma bátaúteginum á kjöl með þessari ráðstöfun einni saman, að á síðastliðnum vetri var reiknað út, að kaupgjaldsvisitalan þyrfti að lækka niður í 132 stig, til þess að tryggja á þennan hátt rekstur bátanna, og er þá miðað við, að uppbótargreiðslur yrðu að fullu afnumdar.

Sömuleiðis hafa útreikningar sýnt, að ef kaupgjaldsvisitalan hefði verið lækkuð niður í 250 stig og niðurgreiðslur á neytluvörum úr ríkissjóði lækkaðar um helming, hefði visitalan lækkað um 1 stig frá því sem var á því tímabili, og útreikningarnir voru miðaðir við, eða úr 325 stigum í 324. Verðhjöðnun hlýtur einnig, einkum ef hún er framkvæmd smátt og smátt, að hafa hin óhagstæðustu áhrif á atvinnumöguleikana, þar sem menn fresta eðlilega öllum sínum framkvæmdum, ef menn búast við lækkandi verðlagi. Hins vegar hlýtur verðhjöðnun eðlilega að vera mjög í hag þeim aðilum, er eiga peninga og peningakröfur, en sem kunnugt er hefur á stríðsárunum safnast mikið af slíkum eignum á hendur einstakra manna. Verðhjöðnunin hefur því í för með sér yfirfærslu á kaupmætti frá þeim, er bera byrðar hennar, launþegum og bændum, til áðurnefndra aðila.

Þær aðrar leiðir, er ræddar hafa verið í sambandi við afkomuerfiðleika útgerðarinnar, eru einkum gengislækkun og aðrar ráðstafanir skyldar henni, svo sem útflutningsuppþætur, tvöfalt gengi, aukin clearingviðskipti o. þ. u. l. Hér skulu þessar leiðir ekki ræddar nánar, heldur aðeins bent á, að hver þeirra sem er hlýtur að hafa í för með sér minni kjaraskerðingu fyrir launþega heldur en verðhjöðunarleiðin. Gengislækkun hefur í för með sér verðhækkun erlendra vara, og þar með hækkun framfærslukostnaðar í hlutfalli við þá þýðingu, sem erlendar vörur hafa fyrir framfærslukostnaðinn. Sú kjaraskerðing, sem af þessu hlýzt, séu laun ekki hækkuð samhliða, nær til allra, en ekki eins og verðhjöðnunin aðeins til launþega og bændu. Enn fremur er hér ekki um að ræða yfirfærslu á kaupmætti til eigenda peninga og peningakrafna.

Þá má á það benda, að þegar notkun erlendra vara er þegar takmörkuð vegna skömmtunar og innflutningshafta, veldur verðhækkun þessara vara minni kjaraskerðingu en tilsvarendi almenn skerðing kaupmáttarins. Af þessu leiðir, að gengislækkun, sem kemur að jafnmiklu gagni fyrir útgerðina og ákveðin verðhjöðnun, rýrir kjör launþega allmiklu minna en verðhjöðnunin, enda hefur þetta komið berlega fram við þá útreikninga, sem gerðir hafa verið um þessi atriði. Þær aðrar leiðir, sem ræddar hafa verið, svo sem útflutningsuppþætur, tvöfalt gengi, aukin clearingviðskipti o. s. frv., hafa allar í för með sér minni kjaraskerðingu fyrir launþega en almenn gengislækkun. Stafar þetta bæði af því, að þessar ráðstafanir

þurfa ekki að ná til allra útflutningsafurða, og eins af því, að hægt er að láta þær koma mismunandi niður á innfluttum vörum, t. d. hlífa þýðingarmestu neytluvör- unum. Sérstök áherzla skal þó á það lögð, að áhrif þessara leiða geta verið mjög mismunandi eftir því, hvernig þær eru framkvæmdar í einstökum atriðum, og eftir því, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar samhliða þeim. Hlýtur því afstaða til þeirra mjög að mótast af því, hvernig framkvæmdum er háttað og hverjar aðrar ráð- stafanir eru gerðar.

Með því, sem hér hefur verið sagt, er því enginn dómur lagður á þessar leiðir að öðru leyti en því, að sé litið á kauplækkunarákvarðanir dýrtíðarlaganna eingöngu sem ráðstöfun til hjálpar útgerðinni, hafi þær verið hvort tveggja í senn, sú leið, er að minnstu gagni kom útgerðinni og þyngst kom niður á launþegum.

Dýrtíðarlögunum mun þó hafa verið ætlað viðtækara markmið en það eitt að tryggja rekstur hátaútvogsins á s. l. vetrarvertíð. Með ráðstöfunum þessum mun einnig hafa átt að stöðva hinar stöðugu verðhækkunar undanfarinna ára, sem að ekki óverulegu leyti hafa átt rót sína að rekja til þess fyrirkomulags, að landbún- aðarafurðir, annað verðlag og kaupgjald hefur hækkað á víxl. Það mun í sjálfu sér varla ágreininingur um það, að nauðsyn hafi borið til að stöðva vixlhækkun þá, sem hér hefur verið um að ræða, með einhverjum ráðstöfunum. En það komu mjög margar leiðir til greina, sem komið hefðu mismunandi við hinar ýmsu stéttir og einstaklinga þjóðfélagsins, og telur þessi nefnd það utan verksviðs síns að rannsaka þessar leiðir og fella dóm um áhrif hvernar einstakrar. Nefndin getur þó ekki látið hjá líða að taka til nokkurrar athugunar fyrirmæli þau, sem í dýrtíðar- lögunum er að finna um ráðstafanir, er fyrst og fremst snerta aðrar stéttir þjóð- félagsins en launþega og bændur. Verður slíkt að teljast eðlilegt, þar sem telja má, að þær hafi átt að vera þessum stéttum það, sem kauplækkunin var launþeg- um. Þessi fyrirmæli eru í aðalatriðum þrenns konar: 1) Lækkun húsaleigu um 10% í húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941 (15. gr. laganna). 2) Lækk- un verzlunarálagningar o. þ. u. l., sem fyrirskipuð var af verðlagsyfirvöldunum um áramótin (sbr. 15. gr. laganna). 3) Eignaraukaskattur sá, sem lagður er á samkvæmt II. kafla laganna.

1. Húsaleigulækkunin.

Um þessa ráðstöfun má vísa til þeirra atriða, sem nefnd voru hér að framan og hljóta mjög að draga úr þýðingu þessara ráðstafana. Enn fremur má á það benda, að hin sammingsbundna húsaleiga er venjulega ekki nema nokkur hluti húsaleigunnar í nýjum húsum, en meginhlutinn og stundum öll húsaleigan er fyrir- framgreiðslur o. þ. h., sem áðurnefnd lagaákvæði ekki geta náð til. Jafnvel að því er snertir hina sammingsbundnu húsaleigu, mun það í flestum tilfellum vera mjög komið undir góðvilja húseigendanna sjálfra, hvort lækkunin yfirleitt kemur til framkvæmda. E. t. v. hefði að einhverju leyti mátt úr þessu bæta með sérstökum framkvæmdarráðstöfunum, en ekki er kunnugt um, að þær hafi hingað til verið gerðar. Á hinn bóginn færist stöðugt meira húsnæði úr gamalli í nýja leigu, og á sér þá jafnframt stað tilsvarendi tekjuyfirfærslu frá leigjendum til húseigenda.

2. Lækkun verzlunarálagningar.

Um þetta atriði má einnig vísa til þess, sem áður hefur verið sagt um örðug- leika á framkvæmd slíkra ráðstafana vegna hins mikla vöruskorts, sem ríkjandi er og veldur því, að ekki er lengur um neina samkeppni að ræða milli þeirra aðila, sem verzlun stunda. Þá má einnig á það benda, að eftirlit með verðlagi er langörð- ugast í framkvæmd að því er snertir vörur þær, sem mestum verzlunarhagnaði skila, svo sem iðnaðarvöru alls konar, vefnaðarvöru o. fl. Verðlagseftirlitið er auðveldast í framkvæmd gagnvart almennum nauðsynjavörum, en það eru einmitt þær vörur,

þar sem kaupfélögin annast hlutfallslega mest af dreifingunni, þannig að lækkun álagningar lendir þá á félagsmönnum sjálfum.

3. Eignaraukaskatturinn.

Þennan skatt á að leggja á þá eignaraukningu, sem orðið hefur á tímabilinu 1. jan. 1940 til 31. desember 1947. Á skatturinn að nema eftirtöldum upphæðum eftir því, hvað eignaraukningin er mikil.

| Eignaraukning 1000 kr. | Eignaraukaskattur 1000 kr. | Skattur í % af eignaraukningu. |
|---------------------------|-------------------------------|-----------------------------------|
| 100 | 0 | 0 % |
| 200 | 5 | 2.5 % |
| 300 | 15 | 5.0 % |
| 400 | 25 | 6.2 % |
| 500 | 40 | 8.0 % |
| 600 | 55 | 9.2 % |
| 700 | 75 | 10.7 % |
| 800 | 95 | 11.9 % |
| 900 | 120 | 13.3 % |
| 1 000 | 145 | 14.5 % |
| 1 500 | 295 | 19.7 % |
| 2 000 | 445 | 22.2 % |
| 10 000 | 2 845 | 28.5 % |

Skattur þessi verður að teljast tiltölulega lágur, stighækkun hans er lítil, og nær hann aldrei 30% eignaraukningar, hversu mikil sem hún er. Þar við bætist, að ýmis sérstök ákvæði eru í lögnum, sem gera það að verkum, að skatturinn kemur miklu vægar niður en ella mundi. Má þar einkum nefna eftirfarandi 1) Samkvæmt 4. og 5. gr. laganna er öll eignaraukning, sem sprottin er af verðhækkun fasteigna eða skipa, undanþegin skattinum, og á þá jafnt við, hvort sem eignin er enn í eign skattþegns eða sala hefur farið fram. Sú eignaraukning, sem hér er undanþegin skatti, er ein helzta tegund hins svokallaða stríðsgróða. 2) Samkvæmt 3. gr. laganna skulu hlutabréf bæði í byrjunar- og lokaeign metin á nafnverði. Eignaraukning hlutafélaga kemur því aðeins til skatts hjá félaginu sjálfu, en ekki hluthöfum. Þar sem það er mjög algengt hér á landi, að fyrirtæki, sem raunverulega eru eign einstaklings, fjölskyldu eða fárra manna, séu rekin sem eitt eða fleiri hlutafélög, leiðir það af þessu, að eignaraukningin í mjög mörgum tilfellum dreifist á marga aðila og skatturinn verður sem því svarar lægri.

Enn fremur má benda á það, að eignaraukaskattur þessi á að leggjast á þá eignaraukningu, er fram kom við eignakönnunina um áramótin síðustu. Þar sem sá háttur var á hafður við þessa eignakönnun, sem hvergi mun hafa tíðkæzt annars staðar, að um 8 mánuðir liðu frá því lögin voru sett þar til könnunin var framkvæmd, hafa verið mjög miklir möguleikar að koma eignum undan, skipta þeim o. s. frv., sem að sjálfsögðu rýrir mjög þýðingu skattsins.

Enn sem komið er, er ókunnugt um það, hve mikið þessi skattur muni gefa í aðra hönd, en af því, sem að framan er sagt, er ljóst, að búast má við, að þar geti ekki verið um miklar upphæðir að ræða.

Um allar þessar ráðstafanir dýrtíðarlaganna, er miðuðu að því að leggja á efnahagslegar byrðar, er fyrst og fremst má búast við, að komi niður á öðrum stéttum þjóðfélagsins en launþegum og bændum, má segja, að ómögulegt sé að gera neinar áætlanir um það, hversu miklar þessar byrðar séu, en fullyrða megi, að þessar ráðstafanir geti ýmist ekki nema að litlu leyti komið til raunverulegra framkvæmda, eða að lagaákvæðin sjálf og framkvæmd þeirra dragi mjög úr þýðingu þeirra.

II. Framfærsluvísitalan.

Þegar áhrif dýrtíðarlaganna á afkomu launþega eru rannsökuð, verður ekki hjá því komizt að taka vísitölu framfærslukostnaðar til sérstakrar athugunar. Breytingar á kjörum launþega eru sem sé mældar með þeim breytingum, sem verða á hlutfallinu milli launa og framfærslukostnaðar. Sé mælikvarði framfærslukostnaðarins, framfærsluvísitalan, ekki að öllu leyti réttur, verða þessir útreikningar skakkir, sem þessu nemur.

Það hefur lengi verið kunnugt, að vísitala kauplagsnefndar og hagstofunnar fyrir framfærslukostnað í Reykjavík, sem birt er mánaðarlega, hefur að geyma mjög þýðingarmiklar skekkjur. Má í því sambandi benda á grein Jóns heitins Blöndals hagfræðings í vikublaðinu Útsýn frá október 1945. Í stuttu máli má segja, að þessar skekkjur séu ferns konar: 1) Skekkja á húsaleigulið vísitölunnar, er stafar af því, að í vísitölunni er reiknað með lögleyfðri leigu í húsum byggðum fyrir 1940, en hvorki tekið tillit til húsaleigu í húsum byggðum eftir þennan tíma né ólögleyfðrar leigu í eldri húsum, sem vitað er, að mikið kveður að. 2) Skekkjur, sem stafa af því, á hvern hátt er reiknað með verði landbúnaðarafurða í vísitölunni, en þessi reikningsaðferð er fyrirskipuð með lagasetningu frá sumrinu 1945. 3) Skekkjur á ýmsum einstökum liðum vísitölunnar, sem stafa af breyttum aðstæðum frá því að vísitölugrundvöllurinn var fundinn. 4) Skekkjur, er stafa af því, að hlutföllin á milli neyzlu einstakra vörflokka eru nú önnur en í vísitölugrundvöllinum. Þessar skekkjur fá aukna þýðingu vegna niðurgreiðslanna á vissum matvörum.

Skulu þessar skekkjur vísitölunnar hér teknar til nokkuð nánari athugunar.

1. Húsaleiguskekkjan.

Þessi skekkja er langveigamesta skekkja vísitölunnar. Það er hægt að gera sér nokkra grein fyrir því, hve miklu hún nemur, með því að áætla húsaleiguhækkun þá, sem orðið hefur að meðaltali hjá íbúum Reykjavíkur frá því fyrir stríð. Vitað er með allmikilli nákvæmni um það, hve mikill hluti af íbúðarhúsnæði bæjarins er byggður fyrir og hve mikill hluti á hverju eftir 1940. Upplýsingar um þetta er að finna í manntalinu frá 1940 og hinum árlegu skýrslum byggingarfulltrúa bæjarins. Telja má víst, að sú vísitala byggingarkostnaðar, sem hagstofan reiknar út, sýni ekki að fullu þá hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði í bænum, og enn síður þá hækkun, sem orðið hefur á húsaleigu í nýbyggðum húsum. Sé þessi vísitala notuð sem mælikvarði á hækkun húsaleigu í nýbyggðum húsum, eins og hér verður gert, er því um lágmarksáætlun að ræða. Mesta óvissuatriðið í sambandi við áætlun á húsaleiguhækkuninni er það, hve mikil brögð eru nú orðið að því, að losnað hafi um leigusamninga í eldri húsum og húsnæðið aftur verið leigt á hærri leigu. Hér verður gengið út frá þeirri forsendu, að slíkt húsnæði hafi á hverju ári verið jafnmikið og það nýja húsnæði, sem tekið hefur verið í notkun, og áætluð leiga á því einnig miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Byggist val þessarar forsendu m. a. á því, að þegar flutt er í nýbyggð hús, losnar yfirleitt um leið húsnæði, sem aftur er leigt hærri leigu. Niðurstöður þessara útreikninga eru þær, að áætla megi skekkju húsaleiguliðarins nú um 48 stig. Fer þessi skekkja af eðlilegum ástæðum ört vaxandi, sem sjá má t. d. af því, að í desember 1945 hefði hún reiknuð á sama hátt verið 28 stig. Eins og ljóst er af því, sem hér að framan hefur verið sagt, eru þessir útreikningar að ýmsu leyti byggðir á forsendum, sem mikil óvissa er ríkjandi um, en þó mun óhætt að fullyrða, að niðurstöðurnar séu sizt of háar, þannig eru forsendurnar valdar.

2. Skekkjur í sambandi við verð landbúnaðarafurða.

Samkvæmt lögum, er út voru gefin sumarið 1945, eru í gildi ákveðnar reglur um það, hvernig beri að reikna með verði landbúnaðarafurða í vísitölunni. Þessi lög mæla svo fyrir:

1. Að tekið skuli tillit til hinnar svokölluðu kjötuppbótar við ákvörðun kjötverðs þess, sem reiknað er með í vísitölunni.
2. Að sé tvenns konar verð á vöru, skuli einungis reiknað með lægra verðinu í vísitölunni, enda sé á boðstólum það magn vörunnar, er svari til 25% meiri neyzlu en reiknað er með í vísitölugrundvellingum. Þetta gildir um allar vörur, en hefur fram að þessu aðallega haft þýðingu í sambandi við landbúnaðar-afurðir.
3. Að „sumarverð“ á landbúnaðarvörum skuli ekki tekið til greina.

Allar þessar reglur hafa leitt til alvarlegrar skekkju í vísitölunni. Ekki getur talizt rétt að taka tillit til „kjötuppbótarinnar“ við ákvörðun þess kjötverðs, sem reiknað er með í vísitölunni. Þessi „uppbót“ er ekkert annað en frádráttur á beinum sköttum, sem ekkert kemur kjötverðinu við. Þar sem ekki er tekið tillit til beinna skatta í vísitölunni yfirleitt, er ekki rétt að láta þennan skattafrádrátt hafa áhrif á vísitöluna, frekar en hækkanir á beinum sköttum hafa áður komið fram í vísitölunni. Þessi skekkja nemur 27 stigum.

Í þessu sambandi er þó vert að taka það fram, að þessi skekkja vísitölnnar felur ekki í sér, að kjör launþega séu þeim mun rýrari sem skekkjan er há. Sú skattalækkun, sem „kjötuppbótin“ hefur í för með sér, kemur launþegum að sjálf-sögðu til góða. Þessi skattalækkun er þó mjög misjöfn eftir fjölskyldustærð og mun yfirleitt alls ekki nálgast það að vega upp á móti hækkun kjötverðsins, og má í því sambandi vísa til útreikninga Jóns Blöndals í fyrrnefndri grein í „Útsýn“. Enn fremur er tekna til að standa straum af þessum „uppbótargreiðslum“ aflað með álögum í einni eða annarri mynd, sem að miklu leyti koma aftur niður á launþegum, án þess að áhrifa þeirra gæti í vísitölunni nema að nokkru. Það er þó ekki undir neinum kringumstæðum hægt að taka tillit til þessara „uppbótargreiðslna“ í framfærsluvísitölunni nema með því móti einu að taka þar tillit til allra beinna skatta. Óvíst er, hver áhrif það mundi hafa á vísitöluna, ef beinir skattar væru taldir með, en það tíðkast nú yfirleitt ekki við vísitöluútreikninga, og hefur athugun á því ekki verið framkvæmd hér.

Í vísitölunni hefur síðan 1945 verið reiknað með verði á skömmtuðu erlendu smjöri, enda þótt þetta smjör hafi ekki verið nema hluti af neyzlunni, og hefur ekkert tillit verið tekið til verðlags á íslensku smjöri.

Sé reiknað með meðalverði skammtaðs og óskammtaðs smjörs eins og gera má ráð fyrir, að hlutföllin milli þessara tveggja tegunda smjörs hafi verið í neyzlunni árið 1947, ætti skekkjan, sem af þessu stafaði, að hafa numið um 3 stigum það ár. Hver samsvarandi skekkja verður á þessu ári, er ekki hægt að segja að svo stöddu, þar sem enn er ekki vitað, hver þessi hlutföll verða á árinu. Í þessu sambandi er vert að benda á atriði, sem sýnir glögglega, hve miklum erfiðleikum vísitöluútreikningar eru bundnir við núverandi aðstæður. Skömmtun hefur nú verið tekin upp á íslensku rjómaþús-smjöri, og hefur það að undanfögnu verið selt á sama verði og danska smjörið. Þar sem þá er ekki nema um eitt smjörverð að ræða, mætti halda því fram, að sú vísitöluskekkja, sem hér hefur verið rædd, væri þar með úr sögunni. Þetta þarf þó ekki að vera rétt. Sé smjörskamturinn óbreyttur, er það auðséð, að lífskjör hafa með þessari ráðstöfun verið rýrð, en ekki bætt, og ætti vísitalan því að réttu lagi að hækka, en ekki að lækka. Verður nánar vikið að þessu vandamáli síðar í sambandi við skömmtunina.

Í vísitölunni hefur á undanförunum árum ekki verið tekið tillit til þess herra verðlags, sem er á nýjum garðávöxtum og kjöti af nýslátruðum dillum í mánuðunum ágúst og september, enda þótt þessar dýrari vörur hafi verið mikill hluti neyzlunnar og hinar ódýrari vörur jafnvel ófáanlegar.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um hlutföll á milli sölu þessara vara í ágúst- og september-mán. s. l. og um meðalverð þeirra, má áætla þá skekkju sem af þessu leiðir, um 10 stig fyrir hverja vörutegundina þann hálfan annan mánuð, sem hér um ræðir. Sé þessum skekkjum hins vegar jafnað yfir árið, verður

skekkjan um 3 stig samtals fyrir báðar vörutegundirnar. Nokkur leiðrétting mun nú hafa verið gerð í vísitölunni vegna kartaflnanna, en ekki eru fyrir hendi upplýsingar um það, hve miklu sú leiðrétting nemur.

3. Aðrar skekkjur einstakra liða.

Þær skekkjur, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, eru aðalskekkjur vísitölunnar. Ýmsir aðrir liðir vísitölunnar eru þó háðir skekkjum, sem ómögulegt er að áætla, hve miklu nemi, en yfirleitt stafa af breyt., er átt hafa sér stað síðan vísitölugrundvöllurinn var ákveðinn, og yfirleitt munu hafa áhrif í þá átt að gera vísitöluna of lága. Meðal þeirra atriða, sem hér koma til greina, má nefna það, að í vísitölunni er aðeins tekið tillit til verðs á kartöflum og fyrsta flokks súpukjöti, en ekki til annarra garðávaxta og annarra tegunda dillkajöts. Verður hér tvímæla- laust um að ræða skekkju, vegna þess að bæði neyzluhlutföll og verðhlutföll á milli kartaflna og annarra garðávaxta og súpukjöts og annars dillkajöts hafa rask- azt mikið síðan vísitölugrundvöllurinn var fundinn. Svipuðu máli gegnir um bú- áhaldaliðinn, þar sem aðeins er reiknað með eldhúsáhöldum og sængurfötum, en ekki með leirmunum, bollum, diskum o. s. frv. Hvað fatnaðarliðinn snertir munu þar vera sérstaklega mikil brögð að því, að ýmsar þær vörur, sem mikið voru notaðar fyrir stríð, séu nú litt notaðar eða fáist ekki, en í stað þeirra hafi komið vörur, sem þá voru lítið eða ekkert þekktar. Þessum lið vísitölunnar er því líti treystandi eins og er. Þar við bætist, að verðupplýsingar, sem fengnar eru fyrir milligöngu verðlagseftirlitsins, verða hér að teljast sérstaklega varhugaverðar, bæði hvað snertir það, að þær séu í samræmi við raunverulegt söluverð og að þær gefi hugmynd um almennar verðbreytingar í þessum vöruflökki.

4. Skekkjur, er stafa af breytingum á hlutfallinu milli einstakra neyzluflökka.

Vísitölugrundvöllur sá, sem nú er notaður, var fundinn með rannsókn búreikn- inga, er framkvæmd var á árinu 1939. Er því þessi grundvöllur 10 ára gamall á næsta ári, en sá aldur hefur yfirleitt verið talinn hámarksaldur slíkra grundvalla, vegna þeirra miklu breytinga, sem verða á neyzluvenjum og vöruframboði á svo löngum tíma. Breytingar þær, er orðið hafa hér á landi á þessu tímabili, eru þó miklu meiri en nokkurn tíma hafa orðið áður á jafn stuttum tíma. Af þessum ástæðum hefði verið nauðsynlegt að endurskoða vísitölugrundvöllinn þegar á árun- um 1942—'43 eins og meirihluti þeirrar nefndar, er þá hafði þessi mál til athugunar, lagði til. Fastlega má gera ráð fyrir, að miklar breytingar hafi orðið á hlutföllunum milli neyzlu einstakra vöruflökka frá því fyrir stríð, einkum á árunum 1944—47. Á hinn bóginn er erfiðara að gera sér grein fyrir, hvort þessar breytingar hafa orðið í þá átt, að vísitalan hafi orðið of lág eða of há. Þó virðast líkur benda til þess, að a. m. k. á seinni árum hafi einnig þessar skekkjur gert vísitöluna of lága. Koma þar ekki hvað sízt til greina hinar sívaxandi niðurgreiðslur, en þær eru fyrst og fremst látnar hafa áhrif á verð þeirra vara, sem þungar eru á metunum í vísitölunni, en fjár til þeirra er aflað með beinum sköttum, sem ekki hafa áhrif á vísitöluna, og tollum og sölusköttum, einkum á þeim vörum, sem ekki vega þungt í hinum gamla vísitölugrundvelli.

Þær skekkjur vísitölunnar, sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni undir lið- unum 3 og 4, eru þess eðlis, að ómögulegt er að áætla, nema þá að undangengnum mjög ýtarlegum athugunum, hve miklu þær nema. Skekkjurnar, sem ræddar voru undir liðunum 1 og 2, má hins vegar áætla með nokkurri nákvæmni. Þessar skekkjur voru áætlaðar um 80 stig. Mun því óhætt að fullyrða, að vísitala, er rétt sýni breyt- ingar á framfærslukostnaði í Reykjavík, geti ekki undir neinum kringumstæðum nú verið lægri en rúm 400 stig.

Það er rétt að benda sérstaklega á, að sú vísitala, sem hér að framan hefur verið rædd, er framfærsluvísitalan, þ. e. a. s. sú vísitala, er sýnir breytingar á fram- færslukostnaðinum, en ekki kaupgjaldsvísitalan, sú vísitala, er ákveður greiðslu

kaupuppbotar á grunnlaun. Fyrri vísitalan er hliðstæð mæli og vog og verður að uppfylla viss skilyrði, til þess að geta talizt rétt. Það er því ekki hægt að gera ákvarðanir eða setja reglur varðandi útreikning þessarar vísitölu, er brjóta í bága við þessi skilyrði, án þess að hún sé um leið orðin annað en hún á að vera, falskur en ekki réttur mælikvarði. Kaupgjaldsvísitalan er hins vegar samnings- eða lagasetningaratriði, sem ekki eru sett nein þau takmörk, sem gilda fyrir framfærsluvísitöluna.

Með því, sem hér hefur verið sagt, hefur því aðeins verið sýnt fram á, að framfærsluvísitalan ætti nú a. m. k. að vera um 400 stig, en ekki að kaupgjaldsvísitalan ætti að vera hið sama. Hið síðarnefnda fer eftir þeim samnings- og lagaákvæðum, sem á hverjum tíma eru í gildi.

Skömmtnun sú og vöruskortur, sem verið hefur ríkjandi hér undanfarið, skapar ýmis sérstök vandamál í sambandi við útreikning framfærsluvísitölnunnar. Eigi framfærsluvísitalan að vera mælikvarði á breytingar á lífskjörum, er ekki nóg, að hún taki tillit til verðbreytinga, heldur verður hún einnig að taka tillit til þess, ef skömmtnun eða vöruskortur leiða til minnkaðrar neyzlu miðað við vísitölugrundvöllinn. Verður þetta að ske m. a. með því, að aðrar skyldar vörur séu teknar inn í grundvöllinn í stað hinna skömmtuðu eða ófáanlegu, sé þetta unnt, að gæðamismunur sé látinn koma fram sem verðmismunur o. s. frv. Allar slíkar breytingar grundvallarins verða þó að ske með ýtrustu varfærni. Hér er ekki rúm til að rekja þetta atriði nánar, en rétt hefur þótt að vekja hér athygli á því, þar sem það hefur sérstaka þýðingu hér á landi sem stendur.

Ekki er hægt að segja um það með neinni vissu, hvort og að hve miklu leyti skekkjur vísitölnunnar hafi aukizt síðan um s. l. áramót. Húsaleiguskekkjan heldur að sjálfsgöðu áfram að aukast, en fyrir jafn stutt tímabil er ekki hægt að áætla þær breytingar með neinni nákvæmni, allra sízt þar sem um viðbót nýrra íbúða á árinu er ekki enn vitað. Um nýjar skekkjur vísitölnunnar á árinu hefur ekki verið að ræða, svo að vitað sé, aðrar en skekkju í sambandi við útreikning þvottaefnis, sem aftur mun hafa verið leiðrétt. Þær upplýsingar, sem fyrir liggja, benda ekki til þess, að skekkjur vegna smjörverðs og sumarverðs landbúnaðarafurða hafi vaxið á árinu. Um þær skekkjur vísitölnunnar, sem hér að framan hefur verið gerð tilraun til að mæla, verður ekkert fullýrt, hvort þær hafi farið vaxandi eða minnkandi á árinu. Niðurgreiðslur hafa þó aukizt á árinu, og ætti það ásamt söluskattinum samkvæmt því, sem að framan hefur verið sagt, að hafa orðið til þess að auka þessar skekkjur.

Fyrir launþega og samtök þeirra hlýtur það að hafa sérstaklega mikla þýðingu, að vísitala framfærslukostnaðar gefi á hverjum tíma sem réttasta mynd þeirra breytinga, er verða á framfærslukostnaðinum. Þessi vísitala er mælikvarði á kaupmátt launanna og hlýtur að vera viðmiðun launþega og samtaka þeirra. Sé þessi mælikvarði rangur, vantar allan grundvöll til þess að dæma um, hvaða þróun sé um að ræða á þessu sviði, og um leið áttavita, þegar ákveða á stefnuna fram á við. Ekki verður annað séð, en að vinnuveitendum og ríkisvaldi sé það ekki síður þýðingarmikið en launþegum, að vísitala framfærslukostnaðar sé sem áreiðanlegastur mælikvarði, og það af sömu ástæðum. Skynsamlegar umræður um launa- og kjaramál geta yfirleitt ekki átt sér stað, nema allir aðilar, er hlut eiga að máli, hafi nokkuð áreiðanlega vitneskju um það, hvaða áfanga sé náð og hvert stefni.

Af þessum sökum hefur hér þótt rétt að benda á nokkrar þær ráðstafanir, er nauðsynlegar eru, til þess að vísitala framfærslukostnaðar geti uppfyllt þá kröfu að vera réttur mælikvarði, en ekki rangur.

1. Húsaleiguskekkjuna þyrfti að leiðrétta samkvæmt áætlun um breytingar meðalleigu eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, þar til ýtarlegri athuganir hafa farið fram.
2. Afnema þyrfti þau lagaákvæði, er setja ákveðnar reglur um það, hvaða vöruverði skuli reiknað með í vísitölnni, einkum á landbúnaðarafurðum. Þessi

ákvæði er að finna í lögum nr. 20. frá 10. apríl 1946 og lögum nr. 37 frá 29. apríl 1946.

3. Lög þau, er í gildi eru um útreikning vísitölunnar (lög nr. 51 frá 12. febrúar 1940), þyrfti að endurskoða og setja í þau ákveðin fyrirmæli til þess að reyna að tryggja það, að ríkisvaldið eða þau yfirvöld, sem ábyrgð bera á útreikningi vísitölunnar, setji ekki þær reglur varðandi þennan útreikning, er brjóti í bága við grundvallaratriði réttis vísitölureiknings. Jafnframt þyrfti að fyrirskipa tíða endurskoðun vísitölugrundvallarins.
4. Endurskoðun vísitölugrundvallarins þyrfti hið fyrsta að fara fram. Ekki sízt vegna þeirra ástæðna, er nú eru ríkjandi í viðskiptamálum vegna vöruskorts og skömmtunar, yrði þó að gera ráð fyrir, að neyfluathugunum væri haldið áfram og leiðréttingar gerðar árlega á grundvelli í samræmi við það, sem þær athuganir leiddu í ljós.

III. Kaupmáttur launanna.

Hér mun gerð nokkur tilraun til að fá fram mynd af því, hvernig kaupmáttur launanna hefur breytzt frá því fyrir stríð. Ýmsir erfiðleikar eru samfara þessu. Í fyrsta lagi eru ekki unnar neinar hagskýrslur um launamál. Enda þótt upplýsingar séu fyrir hendi um breytingar á töxtum verkalyðsfélaga, eru ekki til neinar upplýsingar um fjölda þeirra, er laun fá greidd samkvæmt hinum mismunandi töxtum, og ekki um þær launaupphæðir, sem greiddar eru. Í öðru lagi gefur vísitala framfærslukostnaðar mjög ranga mynd af breytingum framfærslukostnaðarins, eins og þegar hefur verið bent á. Hér hefur verið farin sú leið að velja tímakaupið samkvæmt hinum almenna taxta Dagsbrúnar sem mælikvarða á þróun launanna. Þessi mælikvarði er að því leyti heppilegur, að á síðari árum hafa breytingar á töxtum annarra verkalyðsfélaga yfirleitt fylgt breytingum á þessum taxta. Á hinn bóginn má búast við, að sú launahækkun, sem þessi taxti sýnir, sé of lítil að því leyti sem vissir starfshópar eða vissar tegundir vinnu hafa flutzt yfir á hærri taxta, en að því hefur kveðið talsvert á seinni árum. Enn fremur má búast við, að launahækkanir hafi orðið hlutfallslega meiri, t. d. hjá iðnaðarmönnum, sem tekið hafa upp ákvæðisvinnu. Annar hentugri mælikvarði er hins vegar ekki fyrir hendi. Á eftirfarandi yfirlitstöflu sést tímakaup samkvæmt hinum almenna taxta Dagsbrúnar árin 1938—48 og vísitala þessa tímakaups miðað við 1938 = 100. Í þriðja dálki er vísitala framfærslukostnaðar eins og hún hefur verið birt af kauplagsnefnd, en í fjórða dálki er þessi vísitala sýnd leiðrétt. Þessar leiðréttingar eru í samræmi við það, sem hér að framan hefur verið sagt um skekkjur vísitölunnar. Árin 1941—44 ná þessar leiðréttingar aðeins til húsaleiguliðarins, en árið 1945 koma síðan leiðréttingar vegna verðs landbúnaðarafurða. Vegna þess, hve bæði vísitala framfærslukostnaðar og leiðréttingar hennar eru ónákvæmar, er hvorug þessara talna sýnd með meiri nákvæmni en sem svarar fimm stigum. Í tveim síðustu dálkum yfirlitsins eru síðan sýndar vísitölur um kaupmátt launanna, bæði samkvæmt óleiðrétttri og leiðrétttri vísitölu, og eru þær vísitölur fengnar með því að deila vísitölu framfærslukostnaðar í vísitölu tímakaups og margfalda með 100.

| Ár | Tímak. Dagsbr.- manna kr. | Vísit. tímak. 1938=100 | Vísit. tímak. framf.k. óleiðr. | Vísitala um kaupmátt tímak. | | |
|----------------|------------------------------------|------------------------------|---|--------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
| | | | | Vísit. framf.k. leiðrétt | Samkv. óleiðr. vísitölu | Samkv. leiðr. vísitölu |
| 1938 (okt.) .. | 1.45 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 |
| 1939 (okt.) .. | 1.45 | 100 | 105 | 105 | 95 | 95 |
| 1940 (des.) .. | 1.84 | 127 | 140 | 140 | 91 | 91 |
| 1941 (des.) .. | 2.54 | 175 | 175 | 180 | 100 | 97 |
| 1942 (des.) .. | 5.46 | 377 | 270 | 280 | 140 | 135 |
| 1943 (des.) .. | 5.44 | 375 | 260 | 275 | 144 | 136 |

| Ár | Tímak. Dagsbr.- manna kr. | Vísitala um kaupmátt tímak. | | | | |
|----------------|------------------------------------|------------------------------|---|--------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
| | | Visit. tímak. 1938=100 | Visit. tímak. framf.k. óleiðr. | Visit. framf.k. leiðrétt | Samkv. óleiðr. vísitölu | Samkv. leiðr. vísitalu |
| 1944 (des.) .. | 6.64 | 458 | 275 | 295 | 167 | 155 |
| 1945 (des.) .. | 6.96 | 480 | 285 | 340 | 168 | 141 |
| 1946 (des.) .. | 8.03 | 554 | 305 | 375 | 182 | 148 |
| 1947 (des.) .. | 9.13 | 630 | 330 | 405 | 191 | 156 |
| 1948 (okt.) .. | 8.40 | 579 | 325 | 405 | 178 | 143 |

Samkvæmt þessu yfirliti ætti kaupmáttur launanna að hafa verið heldur minni en fyrir stríð fram á árið 1942. Á árunum 1942—44 fer þessi kaupmáttur stórlega vaxandi, eða um 55% miðað við hina leiðréttu vísitölu. Næstu þrjú árin á eftir er ekki um að ræða frekari hækkun þessa kaupmáttar. Hækkunir þær, er verða á grunnkaupinu á þessum árum, ná aðeins að halda í við hækkun framfærslukostnaðarins. Síðan verður á árinu 1948 8% lækkun kaupmáttarins vegna ákvæða dýrtíðarlaganna og þeirrar hækkunar meðalhúsaleigu, sem áætluð er á árinu. Ætti kaupmáttur tímakaupsins samkvæmt þessu að liggja á milli þess, sem hann var árið 1943 og árið 1944, en vera um 43% hærri en fyrir stríð. Hve mikla þýðingu skekkjur vísitöluunnar hafa, þegar dæmt er um kaupmátt launanna, sést best á því, að samkvæmt hinni óleiðréttu framfærsluvísitölu ætti kaupmáttur tímakaupsins nú að vera 78% meiri en fyrir stríð, en samkvæmt hinni leiðréttu vísitölu aðeins 43%. Varðandi hina miklu lækkun kaupmáttarins, er fram kemur á árinu 1945, skal það tekið fram, að hún mun vera nokkru meiri en rétt er, vegna þess að það ár kemur vísitöluskekkjan vegna „kjötuppbótarinnar“ í fyrsta sinn til greina. Vísast í því sambandi til þess, er áður er sagt um eðli þeirrar skekkju.

Á það skal að lokum bent, að það yfirlit yfir breytingar á kaupmætti tímakaupsins, sem hér hefur verið gert, hlýtur að vera mjög ónákvæmt vegna þess, hve lítt öruggar upplýsingar þær eru, sem fyrir liggja, bæði um breytingu tímakaupsins almennt og um breytingar framfærslukostnaðarins. Enn fremur tekur þetta yfirlit ekki tillit til þeirrar minnkunar á kaupmætti tímakaupsins, er stafar af skömmtnu, vöruburrð og „svartamarkaðs“-verzlun. Athygli skal einnig vakin á því, að hér hefur eingöngu verið rætt um breytingar á kaupmætti tímakaupsins, en ekki um breytingar á kaupmætti tekna verkamanna eða annarra launþega, en tekjurnar eru að sjálfsögðu háðar því, hvort mikið eða lítið er um vinnu, og geta því breytt, enda þótt tímakaupið sé óbreytt.

Til þess að gera sér einhverja hugmynd um, hvernig launakjör opinberra starfsmanna og kaupmáttur launa þeirra hefur breytt síðan 1938, hefur ein stétt opinberra starfsmanna verið valin úr og launakjör hennar athuguð. Hefur orðið að fara þessa leið að velja ákveðinn hóp starfsmanna, þar sem engir útreikningar eru til um meðallaun opinberra starfsmanna og breytingar á þeim. Sá hópur opinberra starfsmanna, sem hér hefur verið valinn, eru barnakennarar í Reykjavík. Er þetta einn fjölmennasti starfsmannahópurinn, en mun hins vegar hafa fengið hlutfallslega meiri kjarabætur með setningu launalaganna en flestir aðrir starfsmannahópar. Ættu því niðurstöðurnar hér á eftir að sýna meiri kjarabætur en almennt mun vera meðal opinberra starfsmanna. Á eftirfarandi töflu sjást í fyrsta dálki mánaðarlaun barnakennara í Reykjavík á hverju ári og í öðrum dálki vísitala þessara launa miðuð við 1938 = 100. Er hér alls staðar miðað við hámarks-laun, þ. e. þau laun, er kennarar ná hæstum eftir ákveðinn starfstíma. Í þriðja dálki sést vísitala framfærslukostnaðar leiðrétt á sama hátt og áður, og í fjórða dálki vísitala um kaupmátt mánaðarkauþsins.

| Ár | Mánaðarlaun barnakennara hámarkslaun kr. | Vísitala mánaðarlauna (1938=100) | Vísitala framfærslu- kostnaðar leiðrétt | Vísitala um kaupmátt mánaðarlauna samkv leiðr. visitölu |
|------------------|--|--|--|---|
| 1938 (okt.) | 354 | 100 | 100 | 100 |
| 1939 (okt.) | 354 | 100 | 105 | 95 |
| 1940 (des.) | 428 | 121 | 140 | 86 |
| 1941 (des.) | 620 | 175 | 180 | 97 |
| 1942 (des.) | 1 231 | 348 | 280 | 124 |
| 1943 (des.) | 1 255 | 355 | 275 | 129 |
| 1944 (des.) | 1 319 | 373 | 295 | 126 |
| 1945 (des.) | 1 853 | 523 | 340 | 154 |
| 1946 (des.) | 1 989 | 562 | 375 | 150 |
| 1947 (des.) | 2 132 | 602 | 405 | 149 |
| 1948 (okt.) | 1 950 | 551 | 405 | 136 |

Samkvæmt þessu ætti kaupmáttur mánaðarlauna barnakennara að hafa farið lækkandi fyrstu stríðsárin. Árið 1942—1944 er þessi kaupmáttur um 25—30% hærri en fyrir stríð og hækkar síðan mjög á árinu 1945 vegna setningar launalaganna. Ætti hann í lok þess árs að hafa verið um 54% hærri en fyrir stríð. Eftir 1945 fer kaupmátturinn síðan lækkandi og ætti í október 1948 að vera 36% hærri en fyrir stríð. Nemur því lækkun frá hámarkinu 1945 um 12% og lækkunin frá því desember 1947 um 9%. Séu þessar tölur bornar saman við breytingar þær, er orðið hafa á tímakaupi verkamanna, kemur í ljós, að um svipaða þróun er að ræða fram á árið 1942. Árin 1942—44 batna launakjör barnakennara allmiklu minna en verkamanna. Þetta vinnst síðan upp með setningu launalaganna, og í árslok 1945 er kaupmáttur mánaðarlauna barnakennara álíka miklu hærri en fyrir stríð og kaupmáttur tímakaupsins var árið áður. Á því tímabili, sem síðan er liðið, hefur kaupmáttur kennaralaunanna lækkað hlutfallslega meira en kaupmáttur tímakaupsins, sem eðlilegt er, þar sem um grunnlaunahækkanir hefur verið að ræða á tímabilinu hjá verkamönnum, en ekki opinberum starfsmönnum. Til þess að forðast misskilning skal það að lokum tekið fram, að hér er átt við hin föstu mánaðarlaun kennara, en ekki tekjur þeirra, og sá samanburður, sem hér hefur verið gerður við tímakaup verkamanna, gildir að sjálfsögðu aðeins um þær mismunandi breytingar, sem átt hafa sér stað síðan 1938, en er ekki samanburður á kjörum þessara stétta sem slíkom.

IV. Skömmtunin og vísitalan.

Eitt þeirra atriða, sem meginþýðingu hefur í sambandi við gildi vísitöluunnar sem mælikvarða á raunverulegan framfærslukostnað, er vöruskömmtunin. Á þeim tíma, er safnað var upplýsingum þeim, er liggja til grundvallar núverandi vísitöluútreikningi, voru allar neytluvörur óskammtaðar, þannig að hverjum var frjálst að kaupa það magn af þeim, er hann hafði efni á. Má í rauninni segja, að það sé frumskilyrði þess, að vísitalan gefi til kynna raunverulegar breytingar á framfærslukostnaði, að fáanlegt sé að minnsta kosti það magn, sem gert er ráð fyrir í vísitölugrundvellingum, við því verði, sem í hvert sinn er látið gilda við útreikning nýrrar vísitölu.

Ef vara verður ófáanleg eða minna magn fæst af henni en áður, t. d. sökum skömmtunar, hafa verðbreytingar þær, er á henni verða, minni þýðingu fyrir raunverulegan framfærslukostnað en vera mundi, ef nægilegt framboð væri af vörunni. Hvernig leiðréttu beri þá röskun á vísitölugrundvellingum, sem af þessu leiðir, er atriði, sem hér verður eigi farið nánar út í, þó má á það benda, að til greina kæmi að auka gildi skyldra vörutegunda í vísitölugrundvellingum, þar sem gera má ráð fyrir því, að eftirspurn eftir þeim hafi aukizt. Svo framarlega sem þarfir hafa haldizt óbreyttar, má þó gera ráð fyrir, að slík breyting á neytlunni hafi haft í för með

sér kjaraskerðingu, sem eðlilegt væri að láta koma fram á þann hátt, að visitala framfærslukostnaðar hækkaði. Mat á eðlilegri hækkingu vísitölu vegna kjaraskerðingar af völdum vöruskorts og skömmtnunar verður þó nokkrum erfiðleikum bundið, og verður það ekki rætt nánar hér.

Hins vegar skal gerð á því nokkur athugun, að hve miklu leyti vöruskömmtnunin, miðað við þann skammt, sem úthlutað hefur verið af hverri vöru á þessu ári, hefur haft í för með sér röskun á grundvelli þeim, sem núverandi vísitöluútreikningur er byggður á. Eru þessir útreikningar miðaðir við skammtinn eins og hann hefur verið á öllu árinu, en ekki eins og skammturinn hefði verið, ef núverandi skammtur hefði gílt allt árið. Fer hér á eftir yfirlit yfir það magn af helztu skömmtnunarvörum, sem reiknað hefur verið með í vísitölugrundvelli þeim, sem notaður hefur verið að undanfögnu og byggður var á búreikningum frá árunum 1939—1940. Að því er snertir skammt af fatnaðarvöru og búshöldum, skal þess getið til skýringar, að stofnauki nr. 13 er metinn á 700 kr., en skófatnaðarskammtur á 130 kr.

| Vörutegund | Magn skömmtnunarvara í vísitölugrundvelli | Skammtur 1948 |
|--|--|---------------|
| Kornvara | 254.4 kg | 288 kg |
| Smjör | 13.53 — | 21.6 — |
| Sykur | 136.3 — | 86.4 — |
| Kaffi | 13.65 — | 8.64 — |
| Fatnaður og búshöld miðað við verð 1. júlí 1948 | 2 644.48 kr. | 4 510.00 kr. |

Af kornvöru og smjöri og fatnaði og búshöldum virðist skammturinn þannig meiri en svarar til magns þess, sem reiknað er með í vísitölugrundvellingnum, en hins vegar er sykur- og kaffiskammturinn töluvert minni. Samanburður við vísitölugrundvöllinn gefur þó vitanlega alveg ranga mynd af því, hver áhrif skömmtnunin hefur haft á neytluna, eða þeirri skerðingu raunverulegra lífskjara, sem af henni leiðir, þar sem búast má við, að neyzla skömmtnunarvara, einkum fatnaðar, hafi aukizt mjög á stríðsárunum. Betri hugmynd um þetta mætti sjálfsagt fá með því að miða við niðurstöður búreikninganna, sem haldnir voru framan af stríðsárunum og nokkuð hefur verið unnið úr, þótt nægilega sundurliðað yfirlit yfir þá sé ekki fyrir hendi til þess að geta gert sér grein fyrir þessu. Þó má geta þess, að samkvæmt búreikningum, sem haldnir voru á árinu 1942, hafði notkun fatnaðar aukizt úr kr. 642.04 í kr. 1133.28, hvort tveggja miðað við verðlag 1939. Ef gert er ráð fyrir því, að kaup á búshöldum hafi aukizt í sama hlutfalli, yrði fatnaður og búshöld samtals kr. 1309.28.

Ef þessi tala er hækkuð til samræmis við verðlag 1. júlí 1948 og skóviðgerðir dregnar frá, verður útkoman kr. 4610.29, eða nokkru hærra en skammtur þessara vara hefur numið á árinu. Þar sem búast má við því, að notkun þessara vara hafi enn aukizt eftir það, að athuganir þessar voru gerðar, má fullyrða, að hin raunverulega kjaraskerðing vegna skömmtnunarinnar á þessum vörum hafi verið meiri en þessar tölur gefa til kynna. Mjög erfitt er þó að meta slíkt, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um breytingar þær, sem orðið hafa á neytlunni frá þessum tíma, en nokkra hugmynd má gera sér um þetta með samanburði á innflutningi neyzluvara fyrir og eftir skömmtnunina. Fer hér á eftir athugun á þessu, sem nefndin hefur látið gera. Rétt er að taka það fram, að auðvitað er kjaraskerðing sú, sem af minnkun neyzluvöruinnflutningsins leiðir, ekki af völdum skömmtnunarráðstafana í sjálfu sér, heldur hins minnkaða innflutnings og þeirra orsaka, sem honum valda.

Innflutningur neyzluvöru.

Hér hefur verið reynt að gera sér nokkra grein fyrir því, um hve mikla skerðingu lífskjara getur verið að ræða af völdum skömmtnunar og vöruþurrðar. Hefur

verið valin sú leið að taka til athugunar innflutning neytluvöru eins og hann hefur verið síðan 1938 samkvæmt verzlunarskýrslum og bera hann saman við neytluvöruinnflutning þann, sem ráðgerður var í innflutningsáætlun fjárhagsráðs fyrir árið 1948.

Neytluvöruinnflutningur fyrir árin 1938—1947 hefur verið tekinn upp samkvæmt 2. yfirliti verzlunarskýrslanna, og eru það liðirnir 1 og 8—10, sem hér hafa verið taldir til neytluvöru, en þeir eru vörur til framleiðslu matvæla, drykkjarvara og tóbaks, matvæli, drykkjarvörur og tóbak, aðrir óvaranlegir munir til notkunar og varanlegir munir til notkunar. Verðmæti innflutningsins fyrir hvert ár hefur verið reiknað um samkvæmt verðlagi ársins 1938. Hefur þetta verið gert á grundvelli þeirra talna, er birtar eru í þessu yfirliti verzlunarskýrslanna, en þar er innflutningur hvers árs sýndur umreiknaður samkvæmt verðlagi næsta árs á undan. Til þess að með þessu móti fáiast nokkurn veginn rétt útkoma, má ekki hafa orðið mikil röskun á hlutfalli hinna ýmsu vöruflokka í þessum innflutningi eða ekki mjög ólík verðþróun þeirra. Ætti undir öllum kringumstæðum að mega treysta því, að hér geti ekki verið um þær skekkjur að ræða, er veruleg áhrif hafi á sjálfa heildarmyndina, þar sem hér er hvort sem er aðeins um grófan samanburð að ræða.

Með þessu móti fást þá tölur fyrir verðmæti neytluvöruinnflutningsins árin 1938 til 1947, sem ættu að vera nokkurn veginn sambærilegar, þ. e. sýna verðmæti þessa innflutnings miðað við verðlag ársins 1938. Talan fyrir árið 1948 er tekin úr innflutningsáætlun fjárhagsráðs eins og hún er birt í Alþingistiðindum (fylgiskjal með nefndaráliti minni hl. fjárveitinganefndar, þskj. 466). Hefur verið reynt að fylgja sömu flokkuninni og notuð er í verzlunarskýrslunum, þannig að þessi tala yrði sambærileg tölunum fyrir innflutning árunna á undan. Þessi tala hefur einnig verið umreiknuð samkvæmt verðlagi ársins 1938, og hefur þá verið gengið út frá því, að verðlag sé það sama og var 1946. Þessi forsenda hefur einnig verið notuð varðandi innflutning ársins 1947, þar sem yfirlit verzlunarskýrslanna er ekki að fullu tilbúið fyrir það ár. Þar sem yfirlitt hefur verið um verðhækkanir að ræða á þessum árum, ætti þetta að sýna nokkuð hærri tölur en rétt er. Ekki er kunnugt um, hve mikið samræmi hefur verið á milli innflutningsáætlunarinnar og raunverulegs innflutnings á árinu, né heldur hverjum breytingum innflutningsáætlunin kann að hafa tekið eftir birtinguna. Tölur þær, er fengizt hafa með þessu móti, eru sýndar í eftirlarandi yfirliti. Í fyrsta dálki yfirlitsins sést neytluvöruinnflutningurinn í 1000 kr. umreiknaður, samkvæmt verðlagi ársins 1938 á þann hátt, er fyrr getur. Í öðrum dálki sést þessi sami innflutningur á hverja 1000 íbúa, og í þriðja og fjórða dálki eru vísitölur beggja fyrri dálkana miðað við 1938 = 100.

Neytluvöruinnflutningur 1938—1948.

(Miðað við liði 1 og 8—10 í 2. yfirliti verzlunarskýrslanna.)

| Ár | Innflutningur 1000 kr. (Miðað við verðlag 1938) | Innflutningur á 1000 íbúa 1000 kr. | Vísitala innflutnings (1938=100) | Vísitala innflutnings á 1000 íbúa (1938=100) |
|---------------------------|--|--|--|---|
| 1938 | 12 900 | 108 | 100 | 100 |
| 1939 | 13 000 | 108 | 101 | 100 |
| 1940 | 11 800 | 97 | 91 | 90 |
| 1941 | 22 500 | 184 | 174 | 170 |
| 1942 | 35 600 | 287 | 276 | 266 |
| 1943 | 30 500 | 242 | 236 | 224 |
| 1944 | 32 300 | 253 | 250 | 234 |
| 1945 | 43 100 | 330 | 334 | 306 |
| 1946 | 56 100 | 422 | 435 | 391 |
| 1947 | 50 200 | 369 | 390 | 342 |
| 1948 (innflutningsáætlun) | 26 800 | 193 | 208 | 179 |

Það, sem fyrst og fremst verður að teljast athugavert við þann samanburð, sem hér hefur verið gerður, er það, að hann nær aðeins til hluta af neyzlunni og getur því ekki gefið hugmynd um þá heildarbreytingu, sem hér hefur átt sér stað. Í fyrsta lagi nær þetta yfirlit ekki til neyzlu innlendra landbúnaðarafurða, en þar sem búast má við, að sú neyzla hafi ekki tekið miklum breytingum s.l. 2—3 ár, skiptir þetta minna máli, þegar um er að ræða samanburð fyrir þann tíma. Í öðru lagi nær yfirlitið ekki til þeirrar neyzluvöru, er framleidd er af innlendum iðnfyrirtækjum. Að vísu mun vera í yfirlitinu nokkuð af hráefnum eða hálfunnum vörum, sem þessi iðnaður notar til framleiðslu sinnar, en þó aðeins að tiltölulega litlu leyti. Þetta gerir samanburð við árin fyrir stríð og fyrstu stríðsárin sérlega hæginn, þar sem vitað er, að þáttur innlends iðnaðar í neyzluvöruframleiðslunni hefur vaxið mjög frá þeim tíma. Hins vegar er vitað, að þessi framleiðsla muni yfirleitt hafa dregið saman frá því, sem var árið 1946, og ætti þetta því ekki að skipta eins miklu, þegar borið er saman við það ár. Í þriðja lagi nær þessi samanburður ekki til þess hluta neyzlunnar, sem fölginn er í notkun húsnæðis.

Að lokum er svo rétt að benda á það, að hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða samanburð á neyzlu launþega á hinu umrædda tímabili, heldur á þeim neyzluvöruinnflutningi, sem þjóðin öll hefur haft til umráða.

Allt þetta verður að hafa hugfast í sambandi við þær ályktanir, sem hér á eftir verða dregnar af hinu umrædda yfirliti. Hér er um að ræða yfirlit yfir breytingar á framboði þeirrar neyzluvöru, sem flutt er inn í landið tilbúin eða að mestu tilbúin, en ekki yfirlit yfir breytingar neyzlunnar allrar. Sökum þess að áreiðanlegar upplýsingar eru ekki fyrir hendi um heildarneyzluna og breytingar hennar, hefur orðið að láta sér þetta yfirlit nægja. Enn fremur er þessi samanburður ekki miðaður við launþega eina, heldur nær til allrar þjóðarinnar.

Samkvæmt yfirlitinu hefur neyzluvöruinnflutningurinn verið svipaður árin 1938—1940, en þó minnstur síðasta árið. Síðan vex innflutningurinn ört árin 1941—42, og er árið 1942 hér um bil þrisvar sinnum meiri en fyrir stríð, eða um 170% meiri, ef miðað er við innflutning á íbúa. Á árunum 1943—44 er aftur um nokkra minnkun að ræða, en síðan verður stórfelld aukning árin 1945—46. Árið 1946 er neyzluvöruinnflutningurinn meir en fjórfaldaður miðað við það, sem var fyrir stríð, en um 290% meiri á hvern íbúa.

Minnkun innflutningsins á árinu 1947 er til þess að gera litil, rúm 10%, en mun raunverulega hafa verið meiri, þar sem eitthvað talsvert af þeim innflutningi, sem talið er til þess árs, mun vera frá árinu 1946. Sé neyzluvöruinnflutningur sá, sem innflutningsáætlunin gerði ráð fyrir á árinu 1948, að lokum tekinn til athugunar, kemur í ljós, að hér er um mjög stórfellda lækkun að ræða frá árinu 1946, eða meir en helming. Miðað við íbúatölu er lækkunin um 55%. Er þessi neyzluvöruinnflutningur á hvern íbúa svipaður og var árið 1941, en allmiklu meiri en var fyrir stríð, eða um 80%. Þess ber þó að gæta, auk þeirra atriða, sem áður eru nefnd, að um kjaraskerðingu, er samsvari þessu, er enn ekki að ræða, þar sem innflutningur árianna 1945—46 var það mikill, að fólk hlýtur að búa að honum um nokkurt árabíl, hvað snertir varanlegar neyzluvörur, eins og alls konar tæki, húsgögn, fatnað og því um líkt. Þessum vörum getur þó verið mjög misjafnt skipt, og aukist innflutningurinn eða innlend framleiðsla ekki fljótlega að nýju, mun kjaraskerðingin í þessu tilliti nálgast þær tölur, sem hér hafa verið nefndar.

Það skal að endingu tekið fram til að forðast allan misskilning, að hér er á engan hátt vikið að því, hvort og að hve miklu leyti þessi þróun hefur verið óumflýjanleg, æskileg eða óæskileg, miðað við aðrar þarfir þjóðarinnar, heldur aðeins reynt að fá fram mynd þeirra breytinga, er raunverulega hafa átt sér stað.

Fylgiskjal II.

Ályktun samþykkt einróma af verkamannafélaginu Dagsbrún 29. nóv.

„Fundur í verkamannafélaginu Dagsbrún, haldinn 29. nóv. 1948, litur svo á, að síðan dýrtíðarlögin voru sett og kaupgjaldsvisitalan lækkuð í 300 stig, hafi kjör verkamanna og annars láglaunafólks versnað svo mjög, að vinnutekjur þeirra nægi ekki til að framfleyta meðalfjölskyldu svo viðunandi sé, þar eð þau fyrirheit um stöðvun og lækkun dýrtíðarinnar, sem gefin voru þegar lögin voru sett, hafa ekki verið efnd, en verð á mörgum nauðsynjavörum hins vegar hækkað mjög tilfinnulega á þessu ári og dýrtíðin færzt í aukana.

Þá telur fundurinn, að hinar tilfinnanlegu fórnir — 1600—2000 krónur — sem með dýrtíðarlögunum voru lagðar á hvern láglaunamann yfir þetta ár, hafi að mjög litlum hluta lent hjá þeim atvinnuvegi, sem þau áttu að bjarga, bátaútveginum, þar sem meginhluti af kaupgreiðslum hans er aflahlutur, heldur orðið að langmestu leyti orðinn gróði í höndum einstakra atvinnurekenda og braskara.

Fundurinn telur því með engu móti réttlætanlegt og því síður sanngjarnt, að áfram verði haldið að svipta verkalýðinn stórum hluta af samningsbundnu kaupum hans og naumum þurftarlaunum, og lýsir fundurinn því eindregið yfir sem skoðun sinni, að til þess að rétta hlut almennings verði vöruverðið að lækka og kaupmáttur launanna á þann hátt að aukast — eða launin að öðrum kosti að hækka.

Skorar fundurinn því eindregið á Alþingi að samþykkja nú þegar frumvarp Hermanns Guðmundssonar og Sigurðar Guðnasonar, þannig að launþegar fái greitt að fullu samningsbundið kaup sitt. Jafnframt verði gerðar raunhæfar ráðstafanir til að lækka dýrtíðina, svo sem með lækkun tolla á helztu neytluvörum almennings, stórfelldum umbótum á innflutningsverzluninni, lækkun á kostnaði við rekstur ríkisins o. fl.“

Fylgiskjal III.

Ályktun samþykkt af afgreiðslumannadeild Verzlunarmannafélags Reykjavíkur 24. nóvember 1948.

„Aðalfundur afgreiðslumannadeildar VR 1948 skorar á Alþingi að breyta dýrtíðarlögunum nú þegar í það horf, að full dýrtíðaruppbót sé greidd til launþega samkvæmt vísitölu á hverjum tíma. Enn fremur telur fundurinn, að endurskoðað þurfi vísitölugrundvöllinn og koma honum í réttlátara horf.“

Fylgiskjal IV.

Ályktun samþykkt af Starfsmannafélagi ríkisstofnana 20. okt. 1948.

„Fundur í Starfsmannafélagi ríkisstofnana, haldinn í Baðstofu iðnaðarmanna 20. okt. 1948, vill vekja athygli hæstvirkar ríkisstjórnar og hv. Alþingis á eftirfarandi staðreyndum varðandi launalögin:

1. Kaup launþega, er teknir voru til samanburðar við samningu launalaganna 1944, hefur frá þeim tíma hækkað um 8 til 45%.
2. Þeir ríkisstarfsmenn, sem eru í lægstu launaflokkunum, geta ekki með núverandi verðlagi á lífsnauðsynjum lifað af launum sínum.
Að öðru leyti vill fundurinn benda á eftirfarandi:
 - a. Ákvæði launalaganna um aldurshækkanir hafa reynzt óframkvæmanleg hvað snertir lægri launaflokkana.
 - b. Stofnanir þær, er standa utan launalaganna, greiða yfirleitt hærri laun en launastigi þeirra laga gerir ráð fyrir.

- c. Vegna ósamræmis um launakjör eru jafnvel dæmi þess, að opinberar stofnanir kaupi starfskrafta hver frá annarri.
- d. Ríkið getur ekki tryggt sér þá starfskrafta, sem taldir eru bestir og hæfastir, vegna þess að einkarekstur og bæjarfélög bjóða mun betri kjör.
- e. Vegna tregðu um afgreiðslu kaups- og kjaramála af hálfu stjórnarvaldanna, skapast oft óánægja og leiðindi, sem leiðir til ills eins.

Þetta allt veldur því, að fundurinn telur sjálfsagt réttlætismál, að launalögin verði þegar tekin til endurskoðunar og að samningar verði teknir upp við B.S.R.B. um samskipti ríkisvaldsins og ríkisstarfsmanna.

Rannveig Þorsteinsdóttir,
formaður.

Jón J. Simonarson,
ritari.

Til hæstv. Alþingis.“

Fylgiskjal V.

Ályktun samþykkt einróma af Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði 2. sept. 1948.

„Fundur, haldinn í Verkamannafélaginu Hlíf fimmtudaginn 2. sept. 1948, lætur í ljós þá skoðun sína, að síðan kaupgjaldsvisitalan var lækkuð og bundin við 300 stig samkvæmt lögum frá Alþingi um s. l. áramót, þá hafi kjör verkamanna mjög versnað, þar sem síðan hefur orðið hækkun á mörgum nauðsynjavörum og þá sérstaklega nú síðla sumars.

Lítur fundurinn svo á, að nú þegar sé svo komið, að kaupgjald verkamanna nægi ekki til að framfleyta verkamanni með meðalfjölskyldu og að áframhald á vaxandi dýrtíð og bundinni kaupgjaldsvisitölu geri kjör verkamanna svo rýr, að enginn vegur sé við þau að una.

Því samþykkir fundurinn að skora alvarlega og eindregið á ríkisstjórn, verðlagsnefndir og aðra aðila, er hlut eiga að máli, að lækka nú þegar verð á nauðsynjavörum, svo og skorar fundurinn einnig á Alþingi, er nú kemur saman í næsta mánuði, að afnema lögbindingu kaupgjaldsvisitölnnar og samþykkja aðeins dýrtíðarráðstafanir, er fela það í sér, að byrðarnar lendi fyrst og fremst á þeim, er breiðust hafa bökin, það er stórgróða- og stóreignamönnum.

Þá ályktar fundurinn, að fyllstu nauðsyn beri til þess, að verkalýðurinn um land allt taki höndum saman til þess að rétta hinn skarða hlut sinn og verði verkalýðurinn nú að búa sig undir að grípa til róttækra ráðstafana, ef eigi næst fram lækkun á nauðsynjavörum og full uppbót á grunnkaup í samræmi við dýrtíðina eins og hún er á hverjum tíma.“

Fylgiskjal VI.

Samþykktir 10. þings B. S. R. B. í launa- og dýrtíðarmálum.

Tíunda þing B. S. R. B. telur, að dýrtíðarlöggjöf sú, er sett var á síðasta Alþingi, hafi ekki fullnægt réttlætiskröfum um skiptingu byrða þeirra, er á þjóðfélagsþegnana voru lagðar. Þvert á móti er það staðreynd, að opinberir starfsmenn er sú stéttin í landinu, sem kjaraskerðing laganna hefur bitnað þyngst á. Er þetta þeim mun alvarlegra, þegar höfð er í hug sú staðreynd, að þessi stétt varð að bíða lengst allra stétta þjóðfélagsins eftir leiðréttingu á launakröfum sínum á verðbólguárunum, og hafa því launahækkanir opinberra starfsmanna aldrei verið orsök dýrtíðar, heldur ávallt afleiðing.

Vegna þeirra staðreynda, er hér hafa verið fram færðar, og ríkjandi öngþveitis í viðskipta- og fjármálum, hefur sá grundvöllur, er launalögin voru byggð á, raskazt svo mjög, að eigi verður lengur við unað. Fyrir því gerir 10. þing B. S. R. B. eftirfarandi áskoranir til hins háa Alþingis:

I.

- a. Að þegar í stað verði skipuð millipinganefnd, er endurskoði gildandi launalög, og verði álit hennar lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.
- b. Til að bæta úr brýnustu nauðsyn og og til leiðréttingar á ríkjandi misrétti heimili Alþingi það, er nú situr, ríkisstjórninni að greiða opinberum starfsmönnum launauppbót, er nemur kjaraskerðingu þeirri, er sannanleg reynist.
- c. Að dýrtíðarlöggjöfin frá síðasta Alþingi verði endurskoðuð nú þegar, og er í því sambandi eindregið mótmælt „verðhjöðnunarleiðinni“ og öðrum slíkum úrræðum í dýrtíðarmálunum, er leggja byrðarnar einhliða á herðar launþega og bændu.

II.

Þar sem vitað er, að því fer mjög fjarri, að núverandi visitala sýni réttar breytingar á framfærslukostnaði, skorar þing B. S. R. B. á stjórnarvöldin að láta fara fram endurskoðun á reglum þeim, er liggja vísitöluútreikningnum til grundvallar.

III.

Tíunda þing B.S.R.B. telur brýna nauðsyn bera til þess, að hert verði á eftirliti með skattaframtölum, þar sem fullvist má telja, að skattsvik þau, er viðgangast, þyngi mjög skattabyrðina á fastlaunuðu fólki. Enn fremur að persónufrádráttur verði aukinn í samræmi við raunverulegan framfærslukostnað. Þingið vill einnig itreka samþykkt 9. þings B.S.R.B. um, að skattamálum hjóna verði breytt í það horf, að konur verði sjálfstæðir skattþegnar, ef þær vinna launuð störf.

10. þing B.S.R.B. álitur nauðsyn bera til þess, að skömmunarmálunum og vörudreifingunni verði komið í það horf, að tryggð sé jöfn og réttlát dreifing nauðsynjavara og með því móti komið í veg fyrir okur og verzlun á svörtum markaði, þá vill þingið og benda á nauðsyn þess, að á verðlagseftirlitinu sé hert og það aukið til stórra muna.

Niðurlagsorð.

Þingið felur væntanlegri bandalagsstjórn að fylgja samþykktum þessum fast og eindregið eftir við Alþingi og ríkisstjórn og skorar á bandalagsfélögin að vinna einhuga með stjórninni að þessum málum.